

## 211. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn fimmtudaginn 7. júní 2018, kl. 14:00 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Óttar Bragi Þráinsson, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Guðrún S. Magnúsdóttir, Axel Sæland sem varamaður Eyrúnar M. Stefánsdóttur, Bryndís Á. Böðvarsdóttir, Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri og Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson, oddviti, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

### 1. Fundargerðir til staðfestingar:

1.1. 195. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar.  
Fundargerð samþykkt samhljóða.

1.2. 156. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 2. maí 2018 – 18-78.

Mál nr. 4; Friðheimar (167088): Umsókn um byggingarleyfi: Vélageymsla – 1804084.

Lögð er fram umsókn Knútar Rafns Ármanns dags. 25.04.2018 um byggingarleyfi fyrir stálgrindarhúsi samtals 635,8 m<sup>2</sup>. Jörðin Friðheimar lnr. 167008 er 4 ha að stærð skv. fasteignaskrá. Fyrir er byggingarmagn samtals 6.478,7 m<sup>2</sup>.

Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar vísar umsókn um byggingarleyfi til afgreiðslu byggingarfulltrúa þó með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44 gr. skipulagslaga 123/2010.

Mál nr. 5; Sólvangur (167434): Umsókn um byggingarleyfi: Aðstöðuhús – 1804091.

Lögð er fram umsókn Dóru Bjargar Marinósdóttur dags. 25.04.2018 um byggingarleyfi til að byggja aðstöðuhús sem verður samtals 49,4 m<sup>2</sup> á lóðinni Sólvangur 167434 í Reykholti. Ekkert deiliskipulag er til af svæðinu. Skv. fasteignaskrá er lóðin skráð 7,7 ha að stærð fyrir er einbýlishús sem er 196,8 m<sup>2</sup> og bílskúr sem er 108 m<sup>2</sup>.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að byggt verði aðstöðuhús í samræmi við umsókn og mælir með að umsókn verði vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa, þó með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 6; Heiðarbær lóð 170216: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús- viðbygging og geymsla – 1505023.

Lagt fram svar umsækjanda dags. 02.05.2018 við bréfi Ríkiseigna dags. 10.10.17 vegna umsóknar Péturs Jóhannssonar dags. 05.05.2017 um byggingarleyfi fyrir stækkun frístundahúss á lóðinni Heiðarbær lóð lnr. 170216 úr 64 m<sup>2</sup> í 225,6 m<sup>2</sup> auk 32 m<sup>2</sup> geymslu. Lóðin er skráð 13.000 m<sup>2</sup> að stærð.

Breyting hefur þó orðið á umsókn þar sem heildarbyggingarmagn hefur farið niður í 248,7 m<sup>2</sup>.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða, í ljósi umsagnar Ríkiseigna, að hafna erindinu.

Mál nr. 7; Austurey I og III: Vagnabraut: Breytt heiti vegar, stækkun bílastæða og tilfærsla lóðar: Deiliskipulagsbreyting – 1805019.

Lögð er fram umsókn Kjartans Lárussonar dags. 25.04.2018 um tillögu að breytingu að deiliskipulagi á frístundasvæði í landi Austureyjar 1 og 3. Í breytingunni felst að hluti vegar sem áður hét Illósvegur verður Vagnabraut. Lóð undir smáhýsi verður merkt nr. 2 og óbyggð lóð verður merkt nr. 4 ásamt því að hún færist að Vagnabraut. Gerð eru 6 bílastæði með aðkomu frá Vagnabraut að smáhýsum og stærra bílastæði við lóð nr. 4 fyrir allt að 22 bíla.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga. Ekki er talin þörf á að grenndarkynna breytinguna. Leita þarf umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

Mál nr. 8; Austurey I og III: Illósvegur 6: Stækkun byggingarreits og lóðar: Deiliskipulagsbreyting – 1805020.

Lögð er fyrir umsókn Kjartans Lárussonar dags. 25.04.2018 á breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Illósvegur 6 í landi Austureyjar III. Breytingin felur í sér stækkun lóðar úr 1.869 m<sup>2</sup> í 7.672 m<sup>2</sup>. Auk þess sem byggingarreiturinn stækkar um 30 metra til austurs.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða breytinguna og samþykkir að grenndarkynna hana fyrir aðliggjandi lóðarhöfum skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 9; Austurey III: Breytt notkun í íbúðarhúsalóð: Aðalskipulagsbreyting – 1805021.

Lögð er fyrir umsókn Kjartans Lárussonar dags. 25.04.2018 um breytingu á deiliskipulagi í landi Austureyjar 1-3. Um er að ræða breytingu á skráningu lóðar við Illósveg 6 í landi Austureyjar III sem er skráð sem frístundarsvæði í dag skv. aðalskipulagi í íbúðarhúsalóð.

Forsenda þessa að breyta megi lóðunum úr frístundarbyggð í íbúðarhúsalóð er að bæði aðal- og deiliskipulaginu verði breytt.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að fresta erindinu og oddvita falið að kanna stöðu skipulags á umræddu svæði.

Mál nr. 10; Lindarbraut 4 lnr 167852: Minnkun á lóð: Deiliskipulagsbreyting – 1805008.

Lögð fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi frá Landform dags. 04.05.2018 sem nær til lóðarinnar Lindarbraut 4 lnr. 167852. Breytingin felst í því að lóðin minnkar úr 7197 m<sup>2</sup> í 5977 m<sup>2</sup>. Hluti núverandi bílastæða á lóðinni verða að almennum bílastæðum. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,65 í 0,78 og leyfilegt byggingarmagn verður sem áður 4.678 m<sup>2</sup>.

Aðkoma að lóðinni helst óbreytt.

Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga.

Mál nr. 33; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 18-78 - 1804006F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. maí 2018 lagðar fram til kynningar.

- 1.3. 157. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa frá 16. maí 2017 18-79.

Mál nr. 8; Lindarskógur 6-8: Laugarvatn: Deiliskipulagsbreyting – 1504050.  
Lögð er fram á ný, að lokinni grenndarkynningu, tillaga að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar Lindarskógur 6-8 á Laugarvatni. Breytingin felst í að byggingarreitur lóðar Lindarbrautar 6 lnr. 167840 verði stækkaðar um 22 m í átt að götu og verða þá 4,2 m frá húsi að lóðarmörkum. Einnig að byggingarreitur stækki um 15 m til austurs. Engar athugasemdir bárust á kynningartíma. Að mati sveitarstjórnar Bláskógabyggðar er breytingin óveruleg og samþykkir hana skv. 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga.

Mál nr. 10; Skálabrekka lóð lnr 170780: Staðfesting á afmörkun lóðar – 1803027.  
Lagt fram uppfært lóðablað dags. 09.05.2018 sem sýnir afmörkun lóðarinnar Skálabrekka lóð lnr. 170780. Lóðin er skráð 5000 m<sup>2</sup> í Fasteignaskrá Íslands en er samkvæmt lóðarblaði 6.577 m<sup>2</sup> að stærð.  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða afmörkun og stærð lóðarinnar þó með fyrirvara um samþykki eigenda lóðarhafa aðliggjandi lóða á lóðarmörkum. Ekki er gerð athugasemd við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 11; Melur L224158: Byggingarreitur B-1: Stækkun húss: Deiliskipulagsbreyting – 1805045.  
Lögð fram umsókn Geysisholts ehf dags. 14.05.2018 um breytingu á núgildandi deiliskipulagi fyrir lóðina Mela úr landi Einiholts 1 land 1 í Bláskógabyggð lnr. 224158. Breytingin felur í sér að heimilað verði að byggja allt að 450 m<sup>2</sup> þjónustuhús í stað 350 m<sup>2</sup> vegna ferðapjónustu. Að öðru leyti haldast sömu skilmálar.  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða breytinguna, sem að mati sveitarstjórnar er óveruleg skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Þó með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 12; Kjóstaðir 1 land 2 L220934: Fjölgun húsa á lóð: Deiliskipulagsbreyting – 1805056.  
Lögð er fram umsókn Eflu verkfræðistofu og Skjóts ehf. dags. 18.05.2018. Óskað eftir heimild til að vinna breytingu á deiliskipulagi fyrir Kjóstaðir 1 land 2 L220934. Fyrirhugað er bygging tveggja íbúðarhúsa fyrir starfsmenn ferðapjónustu sem þar er fyrir.  
Samkvæmt aðalskipulagi er spildan á skilgreindu svæði verslunar- og þjónustu. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að unnið verði að breytingu deiliskipulagsins.

Mál nr. 13; Aphóll 4 L221651: Apavatn 2 L167621: Sameining landeigna – 1805055.  
Lögð er fram umsókn Guðmundar Valssonar f.h. eigenda Apavatns 2 og 4. dags. 15.08.2018. Óskað er eftir að sameina lóðina Aphóll 4, lnr. 221651 við uppruna jörðina Apavatn 2 lnr. 167621. Fram kemur í umsókn að vegna nálægðar við veg yrði byggingarreitur óásættanlega lítill.  
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að lóðin verði sameinuð við uppruna land eins og fram kemur í umsókn.

Mál nr. 14; Fellsendi land L222604: Hafnað að breyta í lögbylí: Umsagnarbeiðni – 1805058.

Lagt fram bréf dags. 05.05.2018 þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna stofnunar lögbylís á Fellsenda land lnr. 222604.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að vísa þessu máli til nýkjörinnar sveitarstjórnar Bláskógabyggðar.

Mál nr. 15; Reykjavegur 1 L167271: Bygging á lóð: Fyrirspurn – 1805057.

Lögð fram fyrirspurn Andreu D Færseth dags. 18.05.2018 um hvort byggja megi timburhús samtals 26m<sup>2</sup> á lóðinni Reykjavegur 1 lnr. 167271 í Bláskógabyggð.

Skv. fasteignaskrá er hús fyrir sem er samtals 53 m<sup>2</sup>. Lóðin er skráð í fasteignaskrá 20.000 m<sup>2</sup> að stærð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að byggt verði 26 m<sup>2</sup> hús og mælir með að sótt verði um byggingarleyfi til byggingarfulltrúa. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

Mál nr. 33; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 18-79 – 1805002F.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. maí 2018 lagðar fram til kynningar.

1.4. 63. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar.

Skólanefnd hefur skilað af sér endurskoðaðri skólastefnu eftir loka yfirferð.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar fagnar endurskoðaðri skólastefnu fyrir Bláskógabyggð og samþykkir hana.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

1.5. Fundur Oddvitaneftndar UTU, dags. 11. maí 2018 ásamt gjaldskrá vegna móttöku og hreinsun á seyru.

Fundargerð samþykkt samhljóða og er gjaldskrá vegna móttöku og hreinsun á seyru staðfest fyrir hönd Bláskógabyggðar.

**2. Fundargerðir til kynningar:**

2.1. 187. fundur Heilbrigðisneftndar Suðurlands ásamt Ársskýrslu 2017.

2.2. 860. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**3. Fyrirkomulag sumarfría á skrifstofu Bláskógabyggðar.**

Lagt er til að skrifstofa sveitarfélagsins verði lokuð frá og með 9. júlí, til og með 3.

ágúst 2018. Munu starfsmenn skrifstofu taka út sumarfrí sitt eftir því sem kostur er og verkefni gefa tilefni til. Samþykkt samhljóða.

**4. Þingmál til umsagnar; frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (þingmál 622).**

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis, dags. 30. maí 2018 þar sem Bláskógabyggð er gefin kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um

persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir engar athugasemdir við fram lagt frumvarp að svo komnu máli.

**5. Samkomulag um afnotarétt þjóðlendu vegna Þverbrekknamála, Biskupstungnaafrétti.**

Lagt fram samkomulag um afnotarétt í þjóðlendu milli Bláskógabyggðar og

forsætisráðuneytis fyrir hönd forsætisráðherra, vegna lóðaréttinda fyrir

Þverbrekknamála í þjóðlendunni“Biskupstungnaafréttur – afréttur norðan vatna“. Um

er að ræða lóðarréttindi fyrir fjallaskála, snyrtingu m.m. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða framlagt samkomulag og felur oddvita að undirrita samkomulagið fyrir hönd Bláskógabyggðar. Einnig samþykkir sveitarstjórn að umrædd lóð verði auglýst laus til útleigu og felur oddvita sveitarstjórnar að koma því máli í farveg. Eftir auglýsingu verði niðurstaða lögð fyrir sveitarstjórn Bláskógabyggðar til ákvörðunar um val á leigjanda lóðarinnar.

## **6. Úthlutun leiguíbúðarinnar Kistuholt 5b, eldri borgaraíbúð í Reykholti.**

Íbúð fyrir eldri borgara í Reykholti, Kistuholt 5b, hefur verið auglýst laus til umsóknar. Þegar umsóknarfrestur rann út höfðu borist tvær umsóknir. Síðar hefur annar umsækjandinn dregið umsókn sína til baka. Það er því ein umsókn sem liggur fyrir og uppfyllir umsækjandi skilyrði fyrir úthlutun íbúðarinnar. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að leigja íbúðina Kistuholt 5b til Ragnheiðar Jónasdóttur, kt. 080250-4449.

## **7. Innsend bréf og erindi:**

7.1. Tölvuskeyti Jóns Snæbjörnssonar, dags. 31. maí 2018; undirgöng á vegi 37, vestan þéttbýlisins Laugarvatns.

Lagt fram tölvuskeyti Jóns Snæbjörnssonar þar sem hann bendir á að skv. deiliskipulagi Laugarvatns sé gert ráð fyrir undirgöngum fyrir gönguleiðir neðan Laugarvatns. Jón bendir á að einfaldast væri að koma þessum gögnum fyrir núna þegar staðið er í framkvæmdum á umræddum vegi þar sem hann er styrktur og breikkaður.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að taka málið upp við Vegagerðina. Oddvita sveitarstjórnar er falið að fylgja málinu eftir.

7.2. Tölvuskeyti Guðrúnar Á. Sturlaugsdóttur, dags. 28. maí 2018; svar vegna Plastpokalaust Suðurland.

Lagt fram tölvuskeyti Guðrúnar Á. Sturlaugsdóttur vegna verkefnisins Plastpokalaust Suðurland. Þessu erindi var frestað á 195. fundi byggðaráðs Bláskógabyggðar þar sem svar hafði ekki borist vegna fyrirspurnar sveitarstjóra, og málinu vísað til sveitarstjórnar. Nú hefur svar borist og liggur fyrir að kostnaður vegna merkinga er styrktur af SASS. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að panta 700 merki fyrir verkefnið og felur sviðsstjóra Framkvæmda- og veitusviðs að taka við verkefninu fyrir hönd sveitarfélagsins og panta umræddar merkingar.

7.3. Tölvuskeyti Rangárbings ytra, dags. 31. maí 2018; samþykkt sveitarstjórnar Rangárbings ytra er varðar skuldbindingar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna Brúar lífeyrissjóðs.

Lagt fram tölvuskeyti Rangárbings ytra ásamt samþykkt er varðar skuldbindingar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að vísa umræðu um þetta mál til næsta aðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og SASS.

## **8. Mál til kynningar:**

8.1. Bréf Jafnréttisstofu, dags. 29. maí 2018; skyldur sveitarfélaga.

8.2. Bréf Skipulagsstofnunar, dags. 25. maí 2018; staðfesting Aðalskipulags Bláskógabyggðar.

8.3. Bréf afmælisnefndar Alþingis vegna 100 ára afmælis fullveldis Íslands, dags. maí 2018.

8.4. Aðalfundarboð Límtré Vírnets, 11. júní 2018.

Valtýr Valtýsson er nú að láta af störfum sem sveitarstjóri Bláskógabyggðar eftir um 13 ár í starfi. Valtýr hefur gengt embætti sveitarstjóra af mikilli yfirvegun og fagmennsku öll þau ár sem hann hefur starfað fyrir sveitarfélagið. Á þessum tímamótum vill sveitarstjórn þakka Valtý af heilum hug fyrir góð störf í þágu sveitarfélagsins, ánægjuleg kynni og góða samvinnu. Sveitarstjórn óskar Valtý velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Fundi slitið kl. 15:15.

\_\_\_\_\_  
Helgi Kjartansson, oddviti

\_\_\_\_\_  
Valgerður Sævarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Óttar Bragi Þráinsson

\_\_\_\_\_  
Kolbeinn Sveinbjörnsson

\_\_\_\_\_  
Guðrún S. Magnúsdóttir

\_\_\_\_\_  
Axel Sæland

\_\_\_\_\_  
Bryndís Á. Böðvarsdóttir

\_\_\_\_\_  
Valtýr Valtýsson

\_\_\_\_\_  
Sigurrós H Jóhannsdóttir